

Reglur Vesturbyggðar um foreldragreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum.

Skilgreiningar

Hámarksupphæð foreldragreiðslna er kr. 31.290,- á mánuði fyrir hvert barn foreldra í sambúð og kr. 44.205,- til einstæðra foreldra. Greiðslur miðast við áður samþykktar niðurgreiðslur til dagforeldra, enda sé þeim ætlað brúa það tímabil sem ekki fæst vistun fyrir barn hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.

Skilyrði niðurgreiðslna hjá öðrum en dagforeldrum

2. gr

Foreldragreiðslur eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Vesturbyggð.

Skilyrði fyrir afgreiðslu foreldragreiðslna er að fyrir liggi umsókn um leikskólapláss í Vesturbyggð.

Foreldragreiðslur standa eingöngu þeim foreldrum til boða sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.

Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn einstæðra foreldra hefur náð sex mánaða aldri og barn foreldra í hjúskap eða í sambúð hefur náð níu mánaða aldri.

Foreldragreiðsla fellur niður þegar barn verður fjórtán mánaða gamalt eða þegar það hefur leikskólagöngu að undangengnum áðurnefndum skilyrðum.

Foreldrum ber að tilkynna til félagsþjónustu þegar barn þeirra hefur verið tekið inn á leikskólann.

Afgreiðsla

3. gr.

Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði. Hægt er að sækja um rafrænt í íbúagátt á heimasíðu Vesturbyggðar (www.vesturbyggd.is). Móttaka umsókna og afgreiðsla er hjá Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu.

Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar á undan greiðslumánuði. Foreldragreiðslur eru fyrirfram greiddar fyrir einn mánuð í senn.

Útborgun foreldragreiðslu er þriðja (3) virka dag hvers mánaðar.

Viðurlög
4. gr.

Verði um ofgreiðslu að ræða á foreldragreiðslum áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði 26.5.2015 og staðfestar af bærarstjórn 24.6.2015. Endurskoðaðar af bærarstjórn þann 26.8.2015.

Viðauki:

Gjaldskrá Vesturbyggðar 2019

Dagforeldrar - niðurgreiðslur	eining	2019
Foreldrar í sambúð/hjónabandi		
8 tímar	á mánuði	31.290 kr.
6 tímar	á mánuði	23.470 kr.
4 tímar	á mánuði	15.645 kr.
Einstæðir foreldrar, öryrkjar, foreldrar báðir í námi		
8 tímar	á mánuði	44.205 kr.
6 tímar	á mánuði	33.180 kr.
4 tímar	á mánuði	22.155 kr.